

KRISTÍN GUNNLAUGSDÓTTIR



KRISTÍN GUNNLAUGSDÓTTIR

KVEÐJA

16. NÓVEMBER - 7. DESEMBER





Kristín Gunnlaugsdóttir er fædd á Akureyri 1963. Hún stundaði nám við Myndlistaskólann á Akureyri, Myndlista- og Handíðaskóla Íslands frá 1984-87, lærði íkonagerð í klaustri í Róm á Ítalíu 1987-88 og útskrifaðist frá Accademia di belle Arti í Flórens 1988-94.

Kristín hefur eingöngu starfað við myndlist, haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum, heima og erlendis.

Verk hennar eru fjölbætt í tækni en byggja á klassískri hefð málalistarinnar. Hún vinnur með teikningu, málun á pappír og striga, eggtemperu á tré með blaðgulli og saumuð verk á striga.

Verk Kristínar eru í eigu helstu opinberra safna landsins, ásamt fjölda fyrirtækja og einkaaðila. Kristín hefur einnig verið stundakennari við Myndlistaskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands frá 2016. Hún hefur fengið ýmsar viðurkenningar fyrir list sína og var veitt fálkaorðan árið 2018 fyrir framlag sitt til myndlistar.

Áhugasamir geta fræðst meira um verk Krístínar á heimasíðu hennar <https://www.kristing.is/>

Kveðja

Gegnum yfirborð strigans gengur nál, nál þrædd þræði sem rennur í gegnum vefnað strigans og myndar spor, og smám saman mynda sporin línu, línu sem er bæði tvívíð og þrívíð fyrir áhrif hins spunna þráðar. Línu sem er í lit, lit sem ber með sér tilfinningu. Línu sem hlykkjast og hringar sig saman svo það myndast fletir. Við sjáum rauða línu, gula doppu, græna líkama á brúnum grunni. Litirnir eru bæði kenndir og tilfinningar og í þeim býr grunur um hið ómeðvitaða og formin eru hughrif, meðhöndlun tilfinninga.

Línan ímyndar líf og líkama

Línan leggur af stað inn á svið hins óskipulagða og órökvísa, einlæg og titrandi. Einlæg línuteikning sem er hrein tjáning og myndar formin sem tala án orða í litum sem eru þrungnir ósagðri kennd sem skynjun hvers og eins getur ekki annað en orðið fyrir áhrifum af.

Línan ímyndar líf og líkama

Ef að áhorfandinn gefur sig listaverkinu á hönd.

Línan ímyndar líf og líkama

Galdur tvívíðrar teikningar birtir okkur líkama sem myndaðir eru með grænum þræði. Og rauðan koss. Við trúum því. Teikningin er tjáningin. Samtal við skynfærin án orða og þegar það samtal er rétt þá kemur fögnuður í hjartað. Hið viðkvæma þel hlykkjast í mýkt innan þungra og sterkra ramma sem mynda umgjörð fyrir útsauminn, hvort sem efnisviðurinn er mótatimbur eða flúrað skraut hinnar svokölluðu hámenningar.

Línan ímyndar líf og líkama

Paradís er titillinn á stóru verki þar sem línan hlykkjast um og mótar blóm. Eða eru þetta hjörtu, eða mögulega sköp, sem að kvik undirmeðvitund birtir okkur gegnum frjálsa teikningu? Blómahjörtu. Há og stór, neonlituð og hlý.

Línan ímyndar líf og líkama

Á sýningunni Kveðju sýnir Kristín Gunnlaugsdóttir útsaumsverk í dökkum römmum, einfaldar línuteikningar sem eru bæði figúratífar og abstrakt. Eða

er ekki munur þar á?

Verkin byrja sem teikningar sem að listakonan hefur unnið hratt og í trausti þess að innsæi vísi veginn, en svo yfirfært í útsaum og saumað í mismunandi litan striga með einbandi.

Línan ímyndar líf og líkama

Kristín er þekkt fyrir mikla breidd í verkum sínum, allt frá smágerðum málverkum sem unnin eru eftir aldagamalli hefð, til margra metra hárra útsaumsverka sem sprengja skalann. Myndefnið ævinlega sprottið úr reynsluheimi kvenna. Sannleikur sem birtist okkur bæði draumkenndur og há raunsær.

Línan ímyndar líf og líkama

Í verkunum á sýningunni skapast innri spenna milli hinna fíngerðu en jafnframt frjálsu línuteikninga og hinna dökku viðarramma sem þær hvíla í. Það stafar ákveðinni dramatik frá þessum dimmu römmum. Gæti þetta hafa verið dregið með töngum úr brennandi rústum? Eru hér komnar leifar af vestrænni menningu sem hefur séð glæsta tíma en einnig hnignun og þrot?

Línan ímyndar líf og líkama

Hugurinn hvarflar rúm 100 ár aftur í tímann, tímann sem snýst eins og hringur um hring og aldirnar sem spinnast um aldirnar í dularfullu samspili endurtekingar og nýjungar. 100 ár aftur í tímann, þegar að myndlistin var komin á þann stað að losna frá hinu þekkjánlega og tók flugið sem eindir sínar; línur, litir og form. Abstraksjón.

Línan ímyndar líf og líkama

Listin endurskapar ekki það sem við sjáum. Hún lætur okkur sjá, er haft eftir myndlistarmanninum Paul Klee sem starfaði í byrjun síðustu aldar.

Línan ímyndar líf og líkama

Í hinni marglaga þróun menningarinnar er ekki bein framvinda heldur núast hugmyndirnar saman eins og sápukúlur í stóru froðubaði og allt hefur áhrif á hvort annað. Hvað skyldi hafa leitt til þessarar niðurstöðu í upphafi síðustu aldar? Að yfirgefa hið figúratífa mótif? Ástæðurnar voru að líkindum

persónulegar fyrir hvern og einn listamann, en þetta var líka gert í hópefli. Voru ekki einnig að eiga sér stað á sama tíma byltingar á öðrum sviðum? Manneskjan var ekki aðeins komin inn undir húð sína í eiginlegri merkingu með röntgengeislum heldur höfðu sumir komist svo langt sem að kjarna atómsins og rekist þar á undraverða órökvísi.

Línan ímyndar líf og líkama

En þá hafði menningin líka brotnað, í stríði sem braust út og rauf hina þunnu himnu sem heldur óbeisluðum hvötunum í skefjum. Þessi atburður er ævinlega endurtekinn og yfirvofandi.

Línan ímyndar líf og líkama

Þá birtist bernska sem varnarviðbragð gegn óskiljanlegum heimi en jafnframt opnun á hið tæra og hið sanna. Viðkvæmni og berskjöldun sem vopn gegn valdi.

Línan ímyndar líf og líkama

Ég sé portrett. Dimmbleikt portrett. Hver er þetta? Er þetta ég?

Línan ímyndar líf og líkama

Rammarnir eru sumir flúraðir og bera þess merki að hafa búið við aðrar kringumstæður áður en þeir komu í það hlutverk sem þeir gegna nú. Kannski á fínu heimili eða í lítilli höll. Aðrar spýtur hér hafa haldið saman þungri steypu á meðan hún harðnaði og tók sig. Mótatimbur. Þetta eru grófar spýtur, óheflaðar með flisum.

Línan ímyndar líf og líkama

Hin fínlega lína þráðarins er teikningin lifandi komin. Teikningin, grunnur myndlistar í gegnum árbúsundin missir aldrei gildi sitt. Tjáningin sem birtist í hraðri teikningu er nostursamlega endurframkölluð með nál og þræði. Nál er auðvitað eitt mesta galdratæki siðmenningarinnar. Hún getur saumað hluti saman. Og verið verkfæri fegurðarinnar og foringi hinnar þrívíðu línu þráðarins í striganum.

Línan ímyndar líf og líkama

En það er möguleiki þess sem hefur saumast saman

að fara í sundur. Hvort sem það raknar, brotnar, lekur, brennur eða þornar upp og molnar. Lönd liðast í sundur. Aldir renna sitt skeið. Þjóðir skiptast í brot. Ástarsambönd líða undir lok. Þegar að þjóðir og lönd brjótast um og slíta sig í sundur, er skilin eftir rúst sem svo verður jarðvegur fyrir hinn næsta vöxt, en því fylgir sársauki. Líka þegar þráður slitnar og minni hverfur. Og þegar manneskjur fara í tvær áttir. Brotin halda áfram að lifa en sjálfst rofið felur í sér sársauka.

Línan ímyndar líf og líkama

Listaverkið getur tekið við þeirri tilfinningu. Listaverkið getur haldið á henni.

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Línan ímyndar líf og líkama

Sigrún Hrólfsdóttir


Rauður koss
Ull á striga
124 x 153 cm



Bleikt portrett
Ull á striga
95,5 x 107,5 cm



Gul doppa
Ull á striga
55 x 65 cm
2024



Abstraksjón
Ull á striga
80 x 80 cm
2024



Hringir
Ull á striga
45 x 50 cm
2024



Paradís
Ull á striga
194 x 194 cm
2024



Gulur blettur
Ull á striga
56 x 61 cm
2024





Græn kveðja, 100 x 150 cm, Ull á striga, 2024



Kveðja í grænu og brúnu, Ull á striga, 145 x 185 cm, 2023



PORTFOLIO
GALLERÍ

HVERFISGATA 71 101 REYKJAVÍK GALLERÍ@PORTFOLIO.IS WWW.PORTFOLIO.IS